

**Nr. 22-102-S-063 Keilir RE****Árekstur í Reykjavíkurhöfn**

*Skipaskr.nr.* 2946  
*IMO.nr.* 9849928  
*Útgerð:* Olíudreifing ehf  
*Smíðaður:* Akdeniz Shipyard  
*Fánaríki:* Ísland.  
*Stærð:* 496 BT  
*Mesta lengd:* 45,97 m  
*Breidd:* 9,7 m *Dýpt:* 4,0 m  
*Vél:* YANMAR, 748 kW, 2018.  
*Fjöldi skipverja:* 4

**Gögn:**

Gögn RNSA  
Gögn Lögreglan  
Gögn Olíudreifing.  
Gögn LHG  
Gögn Faxaflóahafnir


**Atvikalýsing:**

Þann 13. nóvember 2022 var Keilir að leggjast að Bótabyrggju í Reykjavík. Skipið rakst utan í skólaskipið Sæbjörgu þegar það hugðist snúa en Sæbjörg lá við festar. Eftir áreksturinn rak skipið í átt að Aðalbjörgu RE-5. Skemmdir komu á Keili og Sæbjörgu en engar sjáanlegar skemmdir urðu á Aðalbjörgu. Veður A 13-14 m/s og 18-22 m/s í hviðum.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**


- Skipstjóri Keilis hafði samband við Faxaflóahafnir og bað um pláss til að leggja skipinu að og var homum úthlutað pláss á vesturhluta Bótabyrggju.
- Þegar skipið var komið inn í höfnina gerði vindhviður sem gerðu stjórnun erfiðari.
- Keilir er búinn tveimur skrúfum og bógskrúfu að framan .
- Skipstjóri var byrjaður að snúa skipinu í þeim tilgangi að bakka í legupláss þegar drapst á BB vélinni.
- Vélin datt út í 20 til 30 sekúndur.
- Samkvæmt útgerð skipsins var olíuprýstinemi BB vélar vitlaust stilltur og gaf viðvörðun þegar skipt var úr fullri ferð afturábak yfir í fulla ferð áfram. Leiddi það til þess að BB vélin drap á sér.

- Við það gat hann ekki snúið skipinu upp í vind og skipið rak í V og fór utan í Sæbjörgina (sjá mynd 1).



Mynd 1 líklegur ákomustaður eftir að Keilir var byrjaður að snúa sér.

- Við áreksturinn rakst veltitankur Keilis í BB lunningu Sæbjargar og gat kom á lunninguna ásamt því að veltitankur Keilis dældaðist (sjá mynd 1,2 og 3).




Mynd 1 skemmd á veltitanki Keilis.



Mynd 2 skemmd á lunningu Sæbjargar.

- Skipið rak að Aðalbjörgu sem lá við festar við Verbúðabryggju, en engar skemmdir urðu á skipinu (sjá mynd 4).



Mynd 4 rek Keilis að Aðalbjörgu

- Þegar BB vélin var komin inn var skipinu bakkað og keyrt að Bótabryggju, við það rakst pera skipsins í bryggjuna. Dældaðist pera skipsins (sjá mynd 5).
- Í samráði við umboðsaðila vélarinnar var inngríp viðvörunnar lækkað.



Mynd 5 dæld á perustefni Keilis

#### ***Nefndarálit:***

Ástæðu atviksins má rekja til erfiðra veðuraðstæðna og þess að olúprýstinemi bakborðsvélar var vitlaust stilltur.

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. september 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*